## XI. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.

Tillaga 6. fundar öldungaráðs, 6. apríl sl., um sérstakan íþrótta- og tómstundafulltrúa fyrir aldraða.

### 2. Öldungaráð - ýmis mál - 2016120017

Rætt um íþrótta- og tómstundamál.

Öldungaráð Ísafjarðarbæjar hvetur bæjarstjórn til þess að tryggja eldri borgurum aukna þjónustu t.d. með sérstökum fulltrúa sem sinni íþrótta- og tómstundamálum eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Öldungaráð bendir á að tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar sinni ungu fólki sérstaklega en þarfir eldri borgara séu jafn brýnar fyrir slíka þjónustu. Eldri borgurum fjölgar hratt og raunhæft að gera ráð fyrir að því fylgi aukin þjónusta og utanumhald til þess að tryggja að lýðheilsusjónarmið nái til allra íbúa Ísafjarðarbæjar.